

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórhámsundar, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 12634/2024

Reykjavík, 20. september 2024

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Árnesi  
804 Selfossi

Ég vísa til fyrri bréfaskipta vegna kvörtunar Margrétar Erlendsdóttur, f.h. Sigrúnar Bjarnadóttur, sem lýtur að framgöngu sveitarstjóra í tengslum við ósk sveitarfélagsins um að fá afhent afrit samnings sem Sigrún mun hafa gert við Landsvirkjun árið 2008. Ég hef tekið ákvörðun um að ljúka athugun minni á kvörtuninni með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, sbr. bréf sem fylgir hjálagt í ljósriti. Athugun míni á málinu hefur þó orðið mér tilefni til að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við sveitarfélagið með það í huga að framvegis verði horft til þeirra í störfum þess.

Lög leggja starfsmönnum ríkisins ákveðnar skyldur á herðar um framgöngu þeirra í starfi og utan þess samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Að því er varðar starfsmenn sveitarfélaga er hins vegar ekki til að dreifa beinum ákvæðum í nágildandi lögum um vammleysiskröfur sem gerðar eru til þeirra. Þar kunna þó ákvæði kjarasamninga, sbr. 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, vandaðir stjórnsýsluhættir, síðareglur og aðrar reglur sem einstök sveitarfélög hafa sett, að hafa þýðingu. Í þessu sambandi tel ég rétt að taka fram að starfsmönnum sveitarfélaga ber í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að haga samskiptum sínum við borgarana með þeim hætti að gætt sé hlutleysis, sanngirni og fyllstu kurteisi í þeirra garð.

Líkt og fram kemur í bréfi mínu til Margrétar tel ég ekki tilefni til að gera athugasemdir við að sveitarfélagið hafi óskað eftir því að Sigrún léti því í té afrit af samningi hennar við Landsvirkjun í tengslum við meðferð innviðaráðuneytisins á erindi hennar er varðaði rammasamkomulag sveitarfélagsins við sama fyrirtæki. Hins vegar er jafnframt ljóst að Sigrúnu var með öllu óskyld að verða við ósk sveitarfélagsins. Þá vakti efni og framsetning tölvubréfs sveitarstjóra til Sigrúnar 2. september 2023, þar sem settar voru fram röksemadir fyrir ósk sveitarfélagsins um téðan samning, athygli mína.

Þar er er þeirri afstöðu lýst að téður samningur sé „eðlilega hluti af vörnum sveitarfélagsins í þeirri málshöfðun sem Sif Konráðsdóttir, fyrir þína hönd hefur höfðað á hendur sveitarfélagini.“ Þá segir einnig eftirfarandi:

Að mínu mati orkar það tvímælis að þú seljir land og hagnist á byggingu Hvammsvirkjunar, en á sama tíma farir fram á að samningur sem Landsvirkjun gerði við sveitarfélagið verði dæmdur ólöglegur.

Einnig hefur lögfræðingur þinn, [...], ávallt fengið afhent öll þau gögn sem hún hefur óskað eftir frá sveitarfélagini. Því tel ég eðlilegt þegar sveitarfélagið óskar eftir gögnum frá þér að þú viðhaldir sömu viðbrögð og afhendir samninginn, sem sannarlega á erindi til allra íbúa sveitarfélagsins.

Af þessu tilefni bendi ég á að um réttur borgara til aðgangs að gögnum í vörslum sveitarfélaga er lögbundinn, sbr. ákvæði upplýsingalaga, nr. 140/2012. Ég tel því tilvitnað orðalag í tölvubréfi sveitarstjóra ekki vera í samræmi við þær kröfur sem vandaðir stjórnsýsluhættir gera um skýrleika og sanngirni í samskiptum sveitarfélags við borgarana, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997. Að sama skapi áréttu ég að leiti einstaklingur með kvörtun eða kæru til æðra stjórnvalds vegna ákvarðana lægra setts stjórnvalds á það ekki að hafa áhrif á samskipti þess við lægra setta stjórnvaldið eða meðferð annarra mála sem kunna að vera þar til meðferðar. Loks vakti það athygli mína að í skýringum lögmanns sveitarfélagsins til umboðsmanns 14. maí sl. kemur fram að sveitarfélagið telji „ekki tilefni til annars en að láta málid niður falla enda var ósk um gögn sett fram í lögmætum og málefnalegum tilgangi“. Af þessu tilefni tek ég fram að það er umboðsmanns, en ekki þeirra stjórnvalda og sveitarfélaga sem undir eftirlit umboðsmanns heyra, að meta hvort kvörtun gefi nægilegt tilefni til nánari athugunar og uppfylli skilyrði laga nr. 85/1997 að öðru leyti.

Ég beini þeim tilmælum til sveitarfélagsins að gæta að þessum atriðum í störfum sínum framvegis.

Virðingarfyllst

Skúli Magnússon